

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1996

20. maí 1996

549

Nr. 271

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína- og fuglakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollnúmer: Svínakjöt, beinlaust, fryst:</i>		38.000		
0203.2903 Hakkað	20.05.-31.08.		0	403
0203.2904 Lundir	20.05.-31.08.		0	403
0203.2905 Hryggvöðvar	20.05.-31.08.		0	403
0203.2906 Vöðvar af læri	20.05.-31.08.		0	403
0203.2909 Annað	20.05.-31.08.		0	403
<i>Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:</i>		33.000		
0207.1200 Ekki skorið í hluta, fryst	20.05.-31.08.		0	148
0207.1401 Beinlaust	20.05.-31.08.		0	148
0207.1402 Lifur	20.05.-31.08.		0	203
0207.1409 Annað	20.05.-31.08.		0	148
<i>Af kalkúnum:</i>		3.000		
0207.2500 Ekki skorið í hluta, fryst	20.05.-31.08.		0	203
0207.2701 Beinlaust	20.05.-31.08.		0	203
0207.2702 Lifur	20.05.-31.08.		0	203
0207.2709 Annað	20.05.-31.08.		0	203

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heilidsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Verði sótt um minna magn en auglýst er í hverjum tollkvóta, skal því magni sem umfram er bætt hlutfallslega við aðra tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 263/1996.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. maí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 272

20. maí 1996

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Verð- og magntollar sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðarinnar vegna innflutnings á sveppum (0709.5100) breytast þannig að verðtollur verður 7,5% í stað 15% og magntollur 100 kr./kg í stað 200 kr./kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 10. júní 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. maí 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Ólafur Friðriksson.